

**Ed.**

**119. Frumvarp til laga**

**[101. mál]**

um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Reykhólum við Breiðafjörð til vinnslu á þörungum eða efnum úr þörungum.

**2. gr.**

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda og erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meirihluta.

**3. gr.**

Til stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

- 3.1 Að leggja fram allt að 60 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi. Einnig er henni heimilt að taka lán í þessu skyni.
- 3.2 Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 140 milljónir kr., eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt.
- 3.3 Að leigja félaginu jarðnæði úr landi Reykhóla í Reykhólahreppi, A.-Barðastrandarsýslu, eftir því sem þarfir verksmiðjunnar krefjast.
- 3.4 Að nýta jarðhitasvæðið á Reykhólum í þágu hitaveitu, er ríkisstjórnin lætur reisa og reka, og m. a. skal gegna því hlutverki að selja þörungavinnslunni jarðhita til reksturs síns. Jarðvarmaveitur ríkisins skulu sjá um stofnun og rekstur hitaveitunnar.

- 3.5 Að láta leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði í Karlsey undan Reykhólum.
- 3.6 Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði.
- 3.7 Að styrkja byggingu hafnar við Karlsey samkvæmt lögum nr. 45/1973, enda verði höfnin í eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem viðkomandi sveitarfélög stofna til.
- 3.8 Að taka lán allt að 200 millj. kr. til framkvæmda skv. liðum 3.4 til 3.7.
- 3.9 Að veita félaginu þangtökuheimild í landareignum ríkisins við Breiðafjörð gegn hæfilegu gjaldi.
- 3.10 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt í tolli af innfluttu byggingarefni, vélum, flutningatækjum, öflunartækjum, skipum, bátum og varahlutum til verksmiðjunnar.
- 3.11 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af umbúðum og efni, sem er endurútflið frá verksmiðjunni.

#### 4. gr.

Kostnaður Undirbúningsfélags þörungavinnslu hf., sem stofnað var á grundvelli laga nr. 107/1972, skal að fullu greiðast samkvæmt 4. gr. þeirra laga, sem hluti af stofnkostnaði þörungavinnslunnar. Hluthafar í Undirbúningsfélagi þörungavinnslu hf. geta skipt á hlutabréfum sínum í því félagi og jafngildi þeirra í hlutabréfum í hinu nýja hlutafélagi.

#### 5. gr.

- 5.1 Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæðis 2. málslíðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög.
- 5.2 Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málslíðs þeirrar málsgreinar.
- 5.3 Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagalaganna.
- 5.4 Ákvæði 2. málslíðs 2. mgr. 31. gr. laga nr. 77/1921 skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.
- 5.5 Hlutabréf í félaginu skulu stíluð á nafn.
- 5.6 Hlutabréf skulu undanþegin stimilgjaldi.

#### 6. gr.

- 6.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara.
- 6.2 Skulu þrír aðalmenn og varamenn skipaðir af ráðherra, en tveir aðalmenn og og tveir varamenn skulu kosnir af öðrum hluthöfum á aðalfundi.
- 6.3 Fulltrúar í stjórn félagsins mega vera erlendir ríkisborgarar búsettir erlendis, þó ekki sá meirihluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan.
- 6.4 Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga hlut í félaginu.
- 6.5 Stjórnin skiptir með sér verkum.

#### 7. gr.

Hlutafélagið skal gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til þess að koma í veg fyrir, að dýralíf og hlunnindi við Breiðafjörð bíði tjón af starfsemi fyrirtækisins. Skulu fara fram vistfræðilegar rannsóknir á kostnað fyrirtækisins samhliða vinnslu til að fylgjast með hugsanlegum áhrifum af starfsemi í nánú samráði við Náttúruverndarráð, svo lengi sem talið er nauðsynlegt.

#### 8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

#### 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að fengnum tillögum Rannsóknaráðs ríkisins í október 1972 um athugun á stofnun þangpurkstöðvar að Reykhólum við Breiðafjörð, lagði ríkisstjórnin fram frumvarp um stofnun hlutafélags til undirbúnings þessa máls. Frumvarp þetta varð að lögum (nr. 107/1972) og var hlutafélagið stofnað 14. febrúar 1973 að undangengnum auglýsingum eftir hlutafjárframlögum. Hlutafé var skráð kr. 7 820 000, þar af 5 milljónir króna í eigu ríkissjóðs.

Af hálfu ríkisins voru skipaðir í stjórn fyrirtækisins Vilhjálmur Lúðvíksson, efnaverkfræðingur og Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, en af hálfu annarra hluthafa var kjörinn Ólafur E. Ólafsson, fyrrv. kaupfélagsstjóri.

Stjórn félagsins lét þegar hanna þangpurkkunarstöð og gera áætlanir um stofnun og rekstur hennar og lagði fram skýrslu og tillögur um framkvæmdir fyrir ríkisstjórn í apríl s. l. Jafnframt var farið fram á lán frá Iðnþróunarsjóði til framkvæmdanna. Var með þessu reynt að standa við tímamörk um byrjun starfrækslu vorið 1974, sem væntanlegur viðskiptaaðili fyrirtækisins, skoska félagið Alginate Industries Ltd., setti.

Vegna hins nauma undirbúningstíma og lítilla tækifæra til athuguna af hálfu Iðnþróunarsjóðs, og vegna erfiðra aðstæða ríkissjóðs til að standa undir veigamiklum opinberum framkvæmdum utan fjárlaga, m. a. vegna Vestmannaeyjagossins, var í samráði við skoska fyrirtækið ákveðið að fresta framkvæmdum um eitt ár, enda myndi Alginate Industries Ltd. halda áfram áhuga sínum á þangkaupum árið 1975 og styðja undirbúning málsins eftir föngum.

Með lánsaðstoð frá Iðnþróunarsjóði var svo ráðist í umfangsmiklar undirbúningsrannsóknir á þangmiðum, þangeiginleikum og hugsanlegum umhverfisáhrifum og jafnframt gerðar tilraunir með öflun þangs með þar til gerðu tæki, sem tekið var á leigu af Alginate Industries Ltd. Gerðar voru ítarlegar athuganir á öflunartækniinni og aðferðum til flutninga á þangi frá öflunartækinu til verksmiðju. Þanguppskeran var síðan þurrkuð í grasköggglaverksmiðjunni í Saurbæ í Dölum.

Niðurstöður þessara athugana liggja nú fyrir í meginráttum, og hefur stofn- og rekstrarkostnaðaráætlun verið endurskoðuð í ljósi reynslunnar og með hliðsjón af breytingum á gengisskráningu viðkomandi gjaldmiðla. Jafnframt hefur fengist ný yfirlýsing frá Alginate Industries Ltd., um vilja til kaupa á a. m. k. 5000 tonnum af þurrkuðu þangmjöli árið 1975 á lágmarksverði £ 72 á tonn miðað við verðlag 1974. Tekið er þó fram, að endanlegt verð sé umsemjanlegt á hverjum tíma.

Helstu niðurstöður af athugunum á vegum Undirbúningsfélags þörungavinnslu h.f. eru eftirfarandi eins og segir í skýrslu félagsins frá nóvember 1973:

„**Markaðir** virðast tryggðir fyrir a. m. k. 5000 tonn af þangmjöli 1975 og líklegt að selja mætti allt að 10 000 tonn 1977, ef hægt væri að framleiða það. Fyrirtækið Alginate Industries Ltd. hefur skuldbundið sig til að kaupa lágmarksmagn 5000 tonn gegn lágmarksverði £ 72 miðað við 1974, sem síðan breyttist með heildsölu- og breytingum á breskum efnaiðnvarningi. Þetta verð skoðast þó einungis sem lágmarksverð og yrði umsemjanlegt á hverjum tíma með hliðsjón af tilkostnaði, gengi og öðrum aðstæðum. Aðrir markaðir í smærri stíl koma einnig til greina, aðallega til styrktar samningsaðstöðu.

**Hráefni** hefur nú verið kannað allitarlega og komið í ljós, að árlegt magn mjöls, sem vinna mætti af Breiðafjarðarsvæðinu er a. m. k. 15 000—27 000 tonn. Ætti því grundvöllurinn fyrir vinnslu þeirra 6685 tonna á ári, sem hér er gerð áætlun um, að teljast öruggur. Þá hafa verið kannaðir efnis- og eðliseiginleikar alginatsins, sem úr þanginu má vinna og hefur það reynt á við það besta, sem annars staðar er þekkt og treystir það mjög markaðsaðstöðu væntanlegs fyrirtækis.

**Þangtökuréttindi** hafa verið tryggð með samkomulagi við flesta landeigendur, sem ráða eftirsóknarverðum þangfjöllum og er reiknað með að þangtekjugjöld verði 2—5% af kostnaðarverði þangsins við verksmiðjuvegg.

**Starfstilhögun** verksmiðjunnar miðast við 7 mánaða starfrækslutíma. Yrðu 6 þangöflunarprammar ásamt aðstoðarbátum og einu þangflutningaskipi starfrækt við öflun á a. m. k. 24 700 tonnum af þangi, sem þurrkað yrði við jarðhita í beltisþurrkara í verksmiðju í Karlsey undan Reykhólum. Starfslið yrði um 28 manns, þar af 16 við öflun. Orkuþörf í þurrkun er um 860 000 kWst. á ári í raforku og hámarksaflþörf 280 kW, en heitavatnspörf eru um 50 l/sek. af 95° heitu vatni.

**Þangöflun** hefur verið reynd við aðstæður á Breiðafirði og hafa engir meiri-háttar tæknilegir erfiðleikar gert vart við sig. Samkvæmt reynslu sumarsins og athugunum á veðurskýrslum virðast veðurtafir vera að meðaltali innan við 10% af dögum áætlaðs starfstímabils. Samkvæmt tilraunaniðurstöðum virðist varlega áætlað að í rekstri megi afla 23ja tonna á hvert fall og er það notað í áætlanagerðinni. Líklegt má telja að með ákvæðisskipulagi mega afla meira magns á hverju falli. Launamöguleikar öflunarmanna ættu að gera starfsemina samkeppnisfæra við aðra atvinnuvegi um vinnuafli. Reiknað er með að dreifa öfluninni í byrjun á Reykjanes, Skarðsströnd og í Breiðafjarðareyjar, en sérstakt þangflutningaskip sækir þangið til hinna tveggja síðarnefndu svæða.

**Opinberar framkvæmdir** verða nauðsynlegar í allstórum stíl til að gera rekstur mögulegan. Ljúka þarf vegi, sem þegar er byrjað á, leggja raflínu, setja á stofn hitaveitu og gera höfn. Áætlaður kostnaður við framkvæmdir er 142.2 milljónir króna, en þá eru tillögur um hafnargerð enn ekki að fullu unnar. Í rekstraráætlun fyrir tækisins er gert ráð fyrir að það greiði venjuleg þjónustugjöld, er standi undir stofn- og rekstrarkostnaði vegna þessara framkvæmda að verulegu leyti og í samræmi við venjur um slíkar framkvæmdir.

**Hugsanleg umhverfisáhrif** hafa verið könnuð að höfðu samráði við Náttúruverndarráð. Helst virðist geta komið til truflun af völdum þangtöku við varpstöðvar viðkvæmra fuglategunda eins og arnar og dílaskarfs. Er lagt til að vörp þessara tegunda verði friðuð. Þá gæti þangskurður haft truflandi áhrif á hlunnindadýr eins og æðarfugl og sel á viðkvæmum tímum, t. d. með því að fæla sel með kópa frá hefðbundnum veiðisvæðum. Nauðsyn er á góðu skipulagi þangskurðar og nánú samráði við heimamenn. Gert er ráð fyrir, að fylgst verði með áhrifum þangtöku m. a. á fæðukeðju dýra, þegar vinnsla hefst. Um mengun frá verksmiðjunni er ekki að ræða svo máli skipti og hefur heilbrigðismálaráðuneytið gefið leyfi sitt til að fyrirtækið hefji starfrækslu.

**Stofnkostnaður** verksmiðjunnar er nú áætlaður um 211.2 milljónir króna, og er þá starfsfé ekki reiknað með. Gert er ráð fyrir niðurfellingu tolla af innfluttum vélum og tækjum, en þeir myndu nema um 15 milljónum króna við núverandi form tollskrár.

**Rekstrarafkoma** við full afköst mótast af sölutekjum, sem áætlaðar eru nálægt 98 milljónum króna, en rekstrarkostnaður er áætlaður 82 milljónir króna. Rekstrarafgangur fyrir skatta yrði um 16 milljónir króna, en afskriftir yrðu um 17 milljónir króna.

**Arðsemi** fyrirtækisins verður tæplega mæld á einfaldan hátt. Átján ára rekstaráætlun gefur til kynna, að endurheimta á upprunalega fjárfestingu verði 9.5%, endurheimtutími stofnkostnaðar um 7.4 ár og innri afkastavextir fjárfestingarinnar 12%. Með niðurfellingu söluskatts á innflutning, sem áætlaður er 10.5 milljónir króna, myndi arðsemi batna nokkuð. Vegna óvenjulágrar stöðu sterlingspundsins gagnvart ísl. krónu og öðrum gjaldmiðli í augnablikinu, gæti þessi mynd hugsanlega orðið hagstæðari, þegar litið er yfir lengri tíma. Nýting framleiðslutækja gæti einnig orðið betri og gæfi 15% framleiðsluaukning endurheimtu, sem nemur 13.1%. Þrátt fyrir þetta verður að telja reiknaða arðsemi fjárfestingarinnar við lægri mörk þess, sem æskilegt væri miðað við núverandi vaxtakröfur og mun stjórn undirbúningsfélagsins á næstunni leita eftir samningum við AIL um lágmarksverð, sem tryggir a. m. k. 10% lágmarksendurheimtu á upprunalega fjárfestingu.

**Þjóðhagsleg þýðing.** Af skýrslu Undirbúningsfélags þörungavinnslu h.f. má ráða að þangverksmiðjan á Reykhólum hefur góða möguleika á að verða arðbært fyrirtæki, og verður það að teljast grundvallarforsenda fyrir því, að út í stofnun fyrirtækisins verði farið. Þar sem verksmiðjan verður staðsett á svæði, þar sem alla aðstöðu til atvinnurekstrar skortir enn sem komið er, verður í upphafi nauðsyn á allverulegum opinberum framkvæmdum til að skapa þá aðstöðu. Sá kostnaður, sem af þessu leiðir fyrir opinbera aðila, kann að virðast mikill, sé litið á fyrirtækið eingöngu frá viðskiptalegu sjónarmiði til skanims tíma. Hins vegar er hér um þýðingarmikið byggðamál að ræða, sem haft getur úrslitaáhrif á atvinnu- og efnahagsþróun þessa svæðis í framtíðinni og réttlætir það m. a. áhuga stjórnvalda á stofnun fyrirtækisins. Önnur ástæða, sem einnig er þung á metunum, er sú, að hér er um að ræða nýtingu á þeirri auðlind okkar Íslendinga, sem enn hefur lítt verið notuð til iðnrekstrar, en það er jarðhitinn. Vegna þeirrar þróunar, sem hefur átt sér stað að undanförunu í verðlagi á olíu, skapar jarðvarminn fyrirtækinu mjög sterka aðstöðu gagnvart þeim samkeppnisaðilum í Noregi, á Bretlandseyjum og í Kanada, er nota olíu sem orkugjafa, og ætti að auka arðsemi fyrirtækisins þegar frá liður. Í þriðja lagi er hér stigið brautryðjendaspor til nýtingar á áður ónotaðri náttúruauðlind, þangi, og e. t. v. síðar öðrum sjávargróðri. Í fjórða lagi má benda á, að hér er um framleiðslu útflutningsvöru að ræða og yrði viðskiptajöfnuður fyrirtækisins í útflutningi og innflutningi mjög hagstæður. Fyrirtækið mundi því gefa þjóðinni verulegar hreinar gjaldeyristekjur.

Langstærsti liðurinn í opinberum framkvæmdum er hafnargerðin. Slíkt mannvirki mun að sjálfsögðu hafa þýðingu fyrir aðra starfsemi en þangverksmiðjuna. Má í því sambandi nefna fóður- og áburðarflutninga til sveitanna við norðanverðan Breiðafjörð. Ekki er óhugsandi að í framtíðinni gæti einhver útgerð átt sér stað frá Reykhólum, þar sem t. d. mætti auðveldlega sækja skelfiskmið á Breiðafirði frá Reykhólum.

Í stofnkostnaðaráætlun þangverksmiðjunnar er ekki gert ráð fyrir að verksmiðjan reisi íbúðarhús yfir alla þá starfsmenn, sem þurfa að flytja að Reykhólum vegna verksmiðjunnar. Eðlilegra er talið, að opinberir aðilar veiti hér einhverja fyrirgreiðslu á fyrstu árunum, t. d. í formi lána, þannig að starfsmenn geti eignast sín eigin íbúðarhús eða sveitarfélagið komi upp leiguhúsnæði. Til álita kæmi, að verksmiðjan tæki á sig einhverjar skulbindingar til þess að greiða fyrir þessu máli fyrstu árin, en hafa verður í huga, að hér er ekki um bráðabirgðaaðgerðir að ræða, heldur er verið að leggja grundvöll að þróun varanlegs byggðakjarna og er því eðlilegt að byggðin verði í sem mestu samræmi við það, sem nú gerist hér á landi.“

Hér lýkur tilvitnun í skýrslu Undirbúningsfélags þörungavinnslu h.f., en um nánari skýringar á einstökum liðum vísast til hennar.

Í skýrslu undirbúningsfélagsins er lagt til, að ríkisstjórnin gangist fyrir stofnun nýs hlutafélags til að koma á fót og reka þangþurrkstöð á Reykhólum og standi að nauðsynlegum opinberum framkvæmdum. Með frumvarpi þessu leitar ríkisstjórnin heimildar til þessara aðgerða.

Lög þessi eru að mestu sniðin eftir lögum nr. 107/1972 um Undirbúningsfélag þörungavinnslu og lög nr. 80/1966 um kísilgúrvinnslu.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar.*

##### **Um 1. gr.**

Með þessari grein er heimilað að stofna hlutafélag með þátttöku ríkisins. Rætt er um vinnslu á þörungum og efnunum úr þeim til að gefa fyrirtækinu svigrúm til að nýta annan sjávargróður en þang og gera úr honum hvaða framleiðsluvöru sem hagkvæmt þykir.

##### **Um 2. gr.**

Með grein þessari er ríkisstjórn heimilað að kveðja til sveitarfélög eða önnur samtök, sem hugsanlega hafa áhuga á málinu. Einnig er gert ráð fyrir heimild til

Þátttöku erlends aðila og er þar átt við Alginate Industries Ltd., sem e. t. v. þætti æskilegt að tengja fyrirtækinu með eignaraðild. Skoska fyrirtækið hefur ekki sóst eftir aðild, en er tilbúið til minnihluta þátttöku, allt að 5 milljónum ef óskað er.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir að hlutfé félagsins verði nálægt 70 milljónum króna og fjármagn frá öðrum aðilum en ríkinu verði e. t. v. ekki nema um 10 milljónir króna.

Ákvæði málsgreinar 3.4—3.7 taka af tvímæli um eignaraðild og ábyrgð á opinberum framkvæmdum vegna verksmiðjubýggingarinnar og tryggja að framkvæmdir dragist ekki vegna ágreinings eða óskýrrar stefnu um þau atriði.

Þar sem framleiðsla þörungavinnslunnar verður nær eingöngu til útflutnings, þykir rétt að láta fyrirtækið njóta sömu aðstöðu í aðflutningsgjöldum, tollum og sölu-skatti og önnur fyrirtæki, sem stofnuð hafa verið á hliðstæðum grundvelli til frumvinnslu náttúruauðæfa, s. s. virkjanir, kísilgúrverksmiðja og útgerðarfyrirtæki. Um þetta fjalla ákvæði málsgreina 3.10—3.11.

Um 4. gr.

Með grein þessari er fullnægt ákvæði 4. gr. laga nr. 107/1972 og hluthöfum í Undirbúningsfélagi þörungavinnslu h.f. tryggður réttur til þátttöku í hinu nýja hlutfélagi.

Um 5. gr.

Grein þessi er til komin vegna meirihlutaáðildar ríkisins og tryggir meirihlutarétt þess. Enn fremur heimilar greinin aðild stofnana og félaga, innlendra og erlendra og veitir þeim atkvæðisrétt í samræmi við eign og án takmarkana vegna ákvæða hlutafjárlaganna um lágmarksfjölda hluthafa.

Vegna meirihlutaáðildar ríkissjóðs þykir eðlilegt að ekki verði greiddar stórar fjárhæðir í stimpilgjöld til hans.

Um 6. gr.

Ákvæði málsgreinar 6.4 er til að heimila eðlilega skipun fulltrúa ríkissjóðs stofnana og félaga í stjórn.

Um 7. gr.

Ákvæði þetta er til komið vegna þeirra sérstæðu náttúruverndarhagsmuna og þjóðhátta á Breiðafirði, sem æskilegt er að vernda og varðveita þrátt fyrir tilkomu þessarar nýju starfsemi.

Um 8. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.